

AÐALFUNDUR REGINS HF.

VERÐUR HALDINN 14. MARS 2018

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 14. mars 2018 og hefst stundvíslega kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 15. gr. samþykpta félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Tillaga um breytingu á 4. gr. samþykpta félagsins þess efnis að við greinina bætist heimild til stjórnar félagsins til að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 270.943.956 að nafnverði í því skyni að efna kaupsamninga og kauptilboð sem félagið hefur gert. Um er að ræða samninga vegna fyrirhugaðra kaupa á 45% hlut í FM-hús ehf. en fyrir á Reginn hf. 55% hlut í félaginu. Einnig vegna samninga um kaup á dótturfélögum FAST-1 slhf. þ.e. HTO ehf. og FAST-2 ehf. Stjórn skal heimilt að nýta heimild þessa í einu lagi eða í hlutum. Forgangsréttur hluthafa mun ekki gilda um hið nýja hlutafé og mun tillagan fela í sér heimild til stjórnar félagsins að ráðstafa hlutafénu til að efna framangreindar skuldbindingar. Framangreind heimild stjórnar skal falla niður þann 1. nóvember 2018.
8. Kosning félagsstjórnar.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist Regin fyrir dagsetningu aðalfundar á reginn@reginn.is og skal það vera undirritað af

hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykpta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna vísast til 23. gr. samþykpta félagsins, en krafa um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst sjö sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 7. mars 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann, sbr. 14. gr. samþykpta félagsins.

Gögn vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykpta félagsins. Aðalfundur félagsins verður án pappírsagna.

Kópavogur, 20. febrúar 2018.
Stjórn Regins hf.